

MINNISBLAÐ

Garðabær 15.12.2016

Til: Bæjarráðs Garðabæjar

Efni: Tekjustofnar Hönnunarsafns Íslands

Stjórn safnsins hefur á þessu ári unnið að endurskoðun tekjustofna safnsins í samræmi við **aðgerðaráætlun** sem fylgir Stefnumótun stjórnar 2015-2019 um Hönnunarsafn Íslands.

Endurskoðun gjaldskrár er þáttur í því að **aðlaga Hönnunarsafnið að því safnaumhverfi sem ríkir á landinu í þessum efnum**. Við vinnu stjórnar var stuðst við ýmsar upplýsingar um tekjustofna annarra safna á landinu og skoðuð sú þjónusta sem Hönnunarsafnið hefur veitt eða hefur möguleika á að veita.

Aðgangseyrir inn á söfn á höfuðborgarsvæðinu sem bjóða upp á svipaða þjónustu og Hönnunarsafnið gerir, **er á bilinu 1000-1600 kr í dag**. Hér er átt við söfn sem:

- skipta reglulega um sýningar
- eru einnig með sýningu á safngripum úr safneign að staðaldri
- kosta hönnun á umgjörð sýninga (sýningarhönnun) auk sýningastjórnunar

- leggja upp úr rannsóknum og textavinnu sérfræðinga fyrir hverja sýningu (sýningin inniheldur sögulega nálgun)
- birta texta bæði á íslensku og ensku í sýningarrými og með annarri miðlun svo sem á heimasíðu
- bjóða upp á fræðsludagskrá fyrir skóla og almenning

svo eitthvað sé nefnt.

Aðgangseyrir Hönnunarsafnsins hefur verið óbreyttur frá því að safnið var opnað við Garðatorg vorið 2010 en óskað er eftir að hækka almennt gjald úr 500 kr upp í 1000 kr til samræmis við önnur söfn sem veita sambærilega þjónustu. Geta má þess að aðgangseyrir í söfn úti á landi, er á sama verðbili og hér um ræðir, Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi 1200 kr, Tækniminjasafnið á Seyðisfirði 1000 kr, Minjasafnið á Akureyri 1200 kr en bera má þessi söfn saman við Hönnunarsafnið að ýmsu leyti.

Að auki vill stjórn koma á árskorti en það gefur gestum kost á að koma eins oft og þeim hentar í safnið yfir árið, gegn hóflegu gjaldi. Aðgangseyri er skipt niður eftir aldurshópum og öryrkjum býðst ókeypis aðgangur svo og börnum undir 18 ára aldri.

Tillaga stjórnar er eftirfarandi:

Tekjustofnar Hönnunarsafnsins

AÐGANGSEYRIR

Fullorðnir 1000 kr

Námsmenn 500 kr

Eldri borgarar 500 kr

Öryrkjar Ókeypis

Yngri en 18 ára: Ókeypis

Hópar +10 500 kr (fyrir manninn)

ÁRSKORT

Fullorðnir	2500 kr
Eldri borgarar	1500 kr

SÉRLEIDSAGNIR MEÐ SÉRFRÆÐINGI SAFNSINS

Virka daga á opnunartíma: 1200 kr (á mann), lágmark 5 manns
Um helgar á opnunartíma: 2000 kr (á mann), lágmark 8 manns
Utan opnunartíma safnsins: 45 000 kr, hámark 35 manns

LJÓSMYNDIR AF SAFNMUNUM - rafrænt¹

Ljósmynd í hárri upplausn	7000 kr
Ljósmynd í hárri upplausn + myndataka	15 000 kr

LÁN Á EINSTAKA SAFNMUNUM²

Umsýslugjald og þökkun	7000 kr
------------------------	---------

LÁN Á SÝNINGUM SAFNSINS³

Grunnverð, 3 mánaða lán ⁴	400 000 kr
--------------------------------------	------------

UPPLÝSINGAR UM SAFNGRÍPI

Textaskrif sérfræðings á íslensku um grip (max 250 orð)
4500 kr

Umsýslugjald - safngripur tekinn fram að ósk	1600 kr
--	---------

NOTKUN Á SALARKYNNUM (móttökur, upptökur, annað)

Virka daga á opnunartíma, grunngjald	35 000 kr
--------------------------------------	-----------

¹ Gjaldið innifelur ekki myndbirtingar. Greiðist til Myndstefs.

² Aðeins lánað til safna.

³ Aðeins lánað til safna. Sérsmningar eru gerðir um sýningar hverju sinni.

⁴ Sé sýning framlengd eða standi lengur en 3 mánuði bætist við 300 000 kr greiðsla.

Utan opnunartíma safnsins og um helgar, max 3 klst 80 000
kr

Virðingarfullt,

Harpa Þórsdóttir forstöðumaður Hönnunarsafns Íslands og
Margrét Björk Svavarsdóttir sviðstjóri fræðslu- og
menningarsviðs Garðabæjar